

DAGAR MYRKURS Á DJÚPAVOGI

10.-16.NÓVEMBER 2008

Leikskólinn Bjarkatún: Alla vikuna verður unnið að listaverkum til þess að lýsa upp skammdegið. Nemendur búa til kertastjaka og mála á þá, kertastjakarnir verða síðan settir í glugga fataklefans, mála myndir með neonmálningu og sýna í myrkraherberginu, búa til svart/hvítar klippimyndir, flugur, köngulær og vofur sem hengdar verða upp í salnum. Í lok vikunnar verður haldið myrkraball þar sem börnin dansa í dimmunni.

Í **Klörubúð** verður tilboð á kertum, luktum og seríum á meðan “Dagar Myrkurs” standa yfir.

Minnt er á ljósmyndasýningu Sólnýjar Pálsdóttur, Brot af Gegnumbroti, sem sýnd er í **Löngubúð**.

Þriðjudagur 11. nóvember

- 8:05 - 8:30 **Grunnskólinn:** Samsöngur við kertaljós - allir velkomnir
- 10:30 - 11:00 **Bóksafnið:** Lesnar draugasögur á bókasafninu - allir velkomnir. Aðgangseyrir kr.500
- 12:00-13:00 **Við Voginn** býður upp á skuggalega góða kjötsúpu sem snædd verður við kertaljós og kósíheit.
- 20:00 **Sagnakvöld í Löngubúðinni,** “Það sem gerist í rökkrinu og ekki segja má -En ég segi það samt”.
- 17:00-19:00 Sektarlausir dagar á **bókasafninu** og myrkragetraun.

Miðvikudagur 12. nóvember

- 12:00-13:00 **Við Voginn** býður upp á Þokufisk a la Við Voginn, kertaljós og kósíheit í skammdeginu.
- 09:30 - 10:30** **Leikskólinn Bjarkatún:** nemendur Bjarkatúns bjóða ömmum og öfum í heimsókn (frændur, frænkur og annað vinafólk velkomið líka.) Boðið verður upp á myrkrasýningu með listaverkum frá Dögum Myrkurs, söng og myrkrakaffi.

Fimmtudagur 13. nóvember

- 8:05 - 8:30 **Grunnskólinn:** Samsöngur við kertaljós - allir velkomnir
- 10:30 - 11:00 **Bókasafnið:** Lesnar draugasögur á bókasafninu - allir velkomnir
- 19:30 - 21:30 **Bókasafnið:** sektarlausir dagar á bókasafninu og myrkragetraun
- 18:30-20:30 Pizza tilboð á **Hótel Framtíð**. Á dögum myrkurs verða tvær nýjar pizzur á matseðlinum en þær heita Skála-Brandur og Kaleikspizza Árna.

Föstudagur 14.nóvember

- Kl. 17:30 Hálsaskógur: **Faðir vora hlaup**. Óvæntar uppákomur á leiðinni. Eftir hlaupið verða haldnir **Reimleikar Djúpavogs 2008** þar sem keppt verður í afturgöngu, beinagrindarhlaupi, útburði, og banakringlukasti.
- Minnum fólk á að koma með vasaljós til að lýsa upp rökkrið
- Kl.20:00 Kósístund í **sundlauginni**. Kertaljós og rólegheit. Tilvalið að eiga notalega stund í sundlauginni eftir Faðir vora hlaupið og Reimleikana.

Laugardagur 15. Nóvember

- Kl. 20:30 Skemmtun á vegum Kvenfélagsins Vöku haldin á **Hótel Framtíð**. Aðgangseyrir kr.1000
- Hótel Framtíð** verður með sérstaka draugakokteila í tilefni af Dögum Myrkurs.

Sunnudagur 16.nóvember

- Kl. 15:00-17:00 **Langabúð:** Myrkrakaffi og rökkurkræsingar.
- Kl.16:00 **Langabúð:** Slæðingur 2008, dulræn rökkursaga lesin.
- Kl.17:00 Í fjörunni við voginn. Kertafleyting á vegum **Kvenfélagsins Vöku**.
- Kl.18:30-20:30 Pizza tilboð á **Hótel Framtíð**. Á dögum myrkurs verða tvær nýjar pizzur á matseðlinum en þær heita Skála-Brandur og Kaleikspizza Árna.

